

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



|                     |                       |                         |                       |
|---------------------|-----------------------|-------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits      | 19.10.2023            | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson        |
| Fyrirtæki           | Skinney Þinganes      | Eftirlitsmaður          | Freyr Ævarsson        |
| Heimili             | Miðósi 17, Hornafirði | Tegund eftirlits        | Reglubundið           |
| Kennitala           | 4801692989            | Flokkur                 | Fiskimjölsverksmiðja  |
| Fulltrúi fyrirtækis | Erlingur Brynjólfsson | ÍSAT nr.                | 15.20.7               |
| Fulltrúi fyrirtækis | Inga Rósa Ingvadóttir | Staðsetning             | 684193,364 421481,264 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirlitnu: 1) Í desember árið 2021 mældist of mikil fita í frárennsli verksmiðunnar. 2) Niðurstöðum frárennslismælinga ársins 2022 var ekki skilað með grænu bókhaldi. 3) Efnageymsla og pró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum. Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Samræma þarf heiti lýsistanka og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum. 2) Rekstraraðili er hvattur til að leita leiða til að mæla rennsli í frárennsli verksmiðunnar. Eitt eldra frávik, sem varðar skil á niðurstöðum frárennslismælinga, var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Þinganess á Höfn í Hornafirði.

Fiskimjölsverksmiðja Skinneyjar-Þinganess er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 10. júní 2010 og gildir til 30. júní 2026.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðunni. Verksmiðunni er einnig heimil flokkun á fiski og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 900 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tilöni eftirlitsferða
4. Kynningar á fylgiskjólum
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

A) Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2022. Öðru þeirra var lokað með bréfi dags. 6. september 2022. Hitt frávikið er að niðurstöður mælinga sem gerðar voru á frárennsli verkmiðunnar árið 2021 höfðu ekki borist eftirlitsaðila. Þann 4. október 2022 bárust niðurstöðurnar og er því fráviki því lokað. Mælingarnar sýndu hins vegar að magn fitu í frárennslinu var yfir heimiluðum mörkum skv. starfsleyfi og er það því skráð sem nýtt fráviki frá starfsleyfi. Samkvæmt áætlun rekstraraðila stóð til að „senda af stað nýtt sýni við fyrsta tækifæri.“ Sýni var tekið úr frárennsli 7.-8. desember 2022 og stóð efnagreining á því, þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi. Frávakinu vegna of mikillar fitu í sýninu sem var tekið árið 2021, er því lokað.

B) Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirliti ársins 2022. Ábendingarnar snéru að: 1) Skráningum á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu fitugildru o.fl. 2) Samræmingu á heitum á lýsis- og olíutönkum og að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum. 3) Mælingum á rennsli í frárennsli verksmiðunnar. 4) Útreikningum á efnainnihaldi frárennslissýnya. Viðbrögð við ábendingunum hafa verið, og munu verða, þessi: 1) Skráningar eru nú færðar inn í gæðakerfi verksmiðunnar og eru aðgengilegar þar. 2) Farið verður yfir öll skjöl þar sem heiti tanka koma fyrir og þau samræmd. Uppfærð skjöl verða send eftirlitsaðila að því loknu. 3) Vegna aðstæðna er ekki talið mögulegt að mæla rennslið en rekstraraðili er hvattur til að kanna betur möguleikann á að mæla rennslið (eins og krafa er um í starfsleyfi) í stað þess að áætla það. 4) Ekki eru gerðar athugasemdir við útreikninga á efnainnihaldi frárennslisýnanna sem tekin voru árið 2022.

C) Engar kvartanir eða ábendingar hafa borist vegna starfsemi rekstraraðila.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

A) Grænu bókhaldi var skilað þann 26. apríl. sl. og eru ekki gerðar athugasemdir við skilin.

B) Ekki eru gerðar athugasemdir við skil á útstreymisbókhaldi.

C) Rekstraraðili skal skila TVN-gildum með grænu bókhaldi. Öllum TVN-gildum ársins 2022 var skilað áður en kom að skilum á grænu bókhaldi fyrir árið 2022 og eru því ekki gerðar athugasemdir við þau skil.

D) Niðurstöðum mælinga á efnainnihaldi í frárennsli skal skila með grænu bókhaldi, þ.e. fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöðum mælinga sem gerðar voru í desember 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma og er það frávik frá starfsleyfi. Niðurstöðum mælinganna var skilað þann 19. október sl. og er fráviku því lokað.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

4. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 30. júní 2026 og var farið yfir að sækja þarf um nýtt starfsleyfi tímanlega en málshraðaviðmið Umhverfisstofnunar gera ráð fyrir að útgáfa nýs starfsleyfis taki 240 daga eftir að fullgild umsókn liggur fyrir.

6. Skoðunarferð

Engin vinnsla var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Gengið var um húsnæði og löð rekstraraðila, m.a. var efnageymsla skoðuð og frágangur í kringum lýsis- og olítanka. Geymsla efna og þró sem tengd er efnageymslunni eru ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 16. gr. efnalaga. Þar kemur fram að eftir atvikum skuli aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.


| Frávik frá                     | Lýsing á fráviki   |
|--------------------------------|--|
| gr. 2.18 í starfsleyfi         | Í desember árið 2021 mældist of mikil fita í frárennsli verksmiðjunnar.<br>Sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 7.-8. desember 2022 stóðst þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi og er fráviku því lokað. |
| gr. 3.3 og 3.2 í starfsleyfi   | Niðurstöðum mælinga sem voru gerðar á efnainnihaldi frárennslis í desember 2022 var ekki skilað fyrir 1. maí 2023. Niðurstöðunum var skilað þann 19. október 2023 og er fráviku því lokað.                             |
| gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013 | Efnageymsla og þró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum.  |

## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Samræma þarf heiti lýsistanka og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum.
- 2) Rekstraraðili er hvattur til að leita leiða til að mæla rennsli í frárennsli verksmiðjunnar. Í starfsleyfi rekstraraðila er ákvæði um að rennslismælingar skuli framkvæma í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

Reykjavík, 11.12.2023

  
Freyr Ævarsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.